

FUNDARBOÐ

269. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn í fundarsal að Digranesgötu 2, fimmtudaginn 9. október 2025 og hefst kl. 16:00

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra.

2. 2502016 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2025

Lagður fram viðauki nr 4 við fjárhagsáætlun ársins 2025

3. 2509293 - 6 mánaða milliuppgjör 2025

Afgreiðsla fundar byggðarráð nr. 722: "Lagt fram 6 mánaða milliuppgjör 2025. Á fundinn mætir Halldóra Ágústa Pálsdóttir frá KPMG undir þessum dagskrárlið og fer yfir uppgjörið.

Rekstrarniðurstaða A hluta Borgarbyggðar var neikvæð um 320 m.kr. á fyrri árshelmingi 2025 en hún var til samanburðar neikvæð um 172 m.kr. á sama tímabili árið áður. Mikilvægt er að hafa í huga að tekjustreymi Borgarbyggðar er jafnan mun meira á seinni árshelmingi og gildir það um alla helstu tekjustrauma; útsvar, framlag Jöfnunarsjóðs og aðrar tekjur, svo sem greiðslur frá ríkissjóði vegna samningsbundinna verkefna. Rekstrarniðurstaðan er 92 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir á tímabilinu. Lakari afkoma milli ára og frávik frá áætlun skýrist af hækkun launakostnaðar umfram hækkun skatttekna og lægri endurgreiðslur vegna fjárhagsaðstoðar við flóttamenn.

Veltufé frá rekstri var neikvætt upp á 121 m.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins en handbært fé frá rekstri var jákvætt um 167 m.kr. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2025 var fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 1.030 m.kr. og voru tekin ný langtímalán fyrir 900 m.kr. Staða handbærs fjár í lok júní 2025 var jákvæð um 508 m.kr. Stærstu fjárfestingar fyrri árshelmingis voru í endurnýjuðu húsnæði GBF á Kleppjárnsreykjum og nýju knatthúsi í Borgarnesi fyrir um 400 m.kr. í hvoru verkefni um sig.

Eignir A-hluta Borgarbyggðar voru bókfærðar á 11.076 m.kr. 30. júní s.l. og heildarskuldir stóðu í 5.123 m.kr.

Sex mánaða uppgjör gefur takmarkaða mynd af rekstri sveitarfélagsins á ársgrundvelli. Þó er ljóst að mikil hækkun launakostnaðar umfram skatttekjur og stórauðinn hreinn kostnaður sveitarfélagsins af fjárhagsaðstoð hafa veruleg neikvæð áhrif á afkomu ársins. Mikilvægt er að ná tökum á þeirri óheillaþróun. 6 mánaða uppgjöri vegna ársins 2025 vísað til sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða

Ragnhildur Eva Jónsdóttir Sjálfstæðisflokki (D. lista) Lagði fram eftirfarandi bókun:
Fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins lýsi ég yfir þungum áhyggjum af stöðu rekstursins og þróun undanfarna mánuði.

Stefán Broddi Guðjónsson fór af fundi."

4. 2311314 - Styrkbeiðni frá Kvennaathvarfi

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar frá fundi nr. 720: "Framlögð beiðni frá Kvennaathvarfinu um rekstrarstyrk fyrir árið 2026.

Byggðarráð samþykkir að veita Kvennaathvarfinu rekstrarstyrk að fjárhæð 200.000 kr. fyrir árið 2026.

Málinu vísað til staðfestingar í sveitarstjórn"

5. 2507195 - Erindi frá körfuknattleiksdeild Skallagríms vegna Þorsteinsgötu 5

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 720: "Framlögð drög að samningi við Körfuknattleiksdeild Skallagríms um tímabundin afnot af húsnæðinu við Þorsteinsgötu 5 að ákveðnum skilyrðum uppfylltum sbr. afgreiðslu fundar byggðarráðs nr. 716.

Lilja Björg Ágústsdóttir og Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir víkja af fundi undir þessum lið.

Byggðarráð samþykkir samning við körfuknattleiksdeild Skallagríms um tímabundin afnot af húsnæði við Þorsteinsgötu 5, dags. 19.08.2025 og vísar til staðfestingar í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða"

6. 2203079 - Bjargsland og Kveldúlfshöfði - Gatnagerð og kostnaður

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 720: "Framlögð opunarskýrsla vegna útboðs á gatnagerð við Fjóluklett í Borgarnesi dags. 11. september 2025.

Byggðarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Borgarverk ehf. í gatnagerð við Fjóluklett í Borgarnesi. Verkið rúmast innan fjárheimilda.

Samþykkt samhljóða"

7. 2401233 - Snjómokstur í dreifbýli- Útboð 2025

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 720: "Í samræmi við afgreiðslu byggðarráðs frá fundi nr. 719, farið yfir áframhaldandi vinnu við yfirferð á innsendum tilboðum. Logi Sigurðsson, umhverfisfulltrúi kemur til fundarins undir þessum lið og fer yfir valforsendur útboðs.

Mati á tilboðum er lokið. Niðurstaða matsins er að velja tilboð Hálstak Tryggva ehf. í

samningshluta 1, Hálstak Tryggva ehf. í samningshluta 2, Hundastapa ehf. í samningshluta 5, Hundastapa ehf. í samningshluta 6 og Gests Úlfarssonar í samningshluta 7. Enginn tilboð bárust í samningshluta 3 og 4 sem uppfylla skilmála útboðslýsingar.

Byggðarráð felur sveitarstjóra að tilkynna bjóðendum ákvörðun um val á þeim tilboðum sem voru hagkvæmust samkvæmt valforsendum útboðslýsingar og standast skilmála útboðs."

8. 2502060 - Styrkvegaumsóknir 2025

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 720: "Borgarbyggð fékk úthlutað 3.500.000 kr. í styrkvegi frá Vegagerðinni.

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd lýsir vonbrigðum yfir þeirri upphæð sem Borgarbyggð fékk úthlutað frá Vegagerðinni í ár úr styrkvegasjóði.

Nefndin ákveður að eftirfarandi vegir fái styrk samtals að upphæð 3.500.000kr.:

Vegur að Arnarvatnsheiði.

Vegur fyrir innan Torfhvalastaði, Langavatn.

Vegur inn Grenjadal/Mjóadal.

Vegur frá Hítarvatnsvegi að Hítarvatni að austanverðu.

Vegur frá Kvíum og fram að Þverhlíðingafrétt.

Byggðarráð tekur undir með umhverfis- og landbúnaðarnefnd og leggur til við sveitarstjórn að ákveðið verði útdeiling á styrk í samræmi við tillögu nefndarinnar eða með eftirfarandi hætti.

Nefndin ákveður að eftirfarandi vegir fái styrk samtals að upphæð 3.500.000kr.:

Vegur að Arnarvatnsheiði.

Vegur fyrir innan Torfhvalastaði, Langavatn.

Vegur inn Grenjadal/Mjóadal.

Vegur frá Hítarvatnsvegi að Hítarvatni að austanverðu.

Vegur frá Kvíum og fram að Þverhlíðingafrétt.

Samþykkt samhljóða"

9. 2311308 - Lýsing á leið milli hesthúsahverfis og Einkunna

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 721: "Farið yfir stöðuna á framkvæmdum vegna stigalýsingar upp í Einkunnir. Erfiðlega hefur gengið að fá verktaka til að taka verið að sér og því var ákveðið að skipta upp verkþáttum. Fyrir liggja tilboð tveggja verktaka þ.e.

Arnar rafvirki ehf. og Sigur-garðar ehf. samtals að fjárhæð 52.913.784 m.kr. Sæmundur Óskarsson sviðsstjóri, Ottó Ólafsson, verkefnastjóri og Hlynur Ólafsson verkefnastjóri sátu fundinn undir þessum lið.

Sigurður Guðmundsson, Sjálfstæðisflokkur (D. listi) leggur til að málinu verði frestað og vísað til fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026: Tillagan felld með 2 atkvæðum (DS og GLE) 1 atkvæði með tillögu (SG)."

Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að gengið verði til samninga við Arnar rafvirkja ehf. og Sigur-garða ehf. um að skipta með sér verkþáttum í verkið Stígalýsing upp í Einkunnir, samtals að fjárhæð 52.913.784 kr. enda rúmast verkið innan fjárheimilda. Máli vísað til sveitarstjórnar.

Samþykkt með tveimur atkvæðum (DS og GLE) á móti 1 atkvæði (SG).

10. 2503353 - Göngustígar - Verðfyrirspurn

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 721: "Lögð fram tilboðsskrá vegna göngustígar meðfram Snæfellsnessveg. Fyrirliggur tilboð frá Borgarverk ehf. að fjárhæð 5.940.168.

Sigurður Guðmundsson Sjálfstæðisflokkur (D. listi) leggur fram eftirfarandi tillögu: Besti tími til malbikunar er yfir sumarmánuðina sá tími er liðinn og í ljósi þessa legg ég til að malbikun göngustígs verði frestað og vísað til fjárhagsáætlanagerðar fyrir árið 2026.

Tillagan felld með 2 atkvæðum (DS og GLE) og 1 atkvæði með tillögu (SG)

Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að gengið verði til samninga við Borgarverk ehf. að fjárhæð 5.940.168 m.kr., um að leggja göngustíg meðfram Snæfellsveg byggt á framlögðum tilboðsgögnum. Um er að ræða samstarfsverkefni á milli Borgarbyggðar og Vegagerðarinnar og mun kostnaður skiptast til helminga. Málinu vísað til sveitarstjórnar.

Samþykkt með 2 atkvæðum (DS og GLE) og 1 atkvæði á móti (SG)"

11. 2509218 - Tilboð um kaup - Álfanes á Mýrum

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 721: "Lagt fram formlegt boð Ásdísar Haraldsdóttur þar sem Borgarbyggð er boðið að kaupa jörðina Álfanes á Mýrum.

Byggðarráð þakkar málsbeiðanda fyrir innsent erindi og gott boð. Byggðarráð er þó ekki fært að samþykkja boð um kaup á Álfnesi á Mýrum. Samkvæmt 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er hlutverk sveitarfélaga að annast þau verkefni sem þeim eru falin með lögum, meðal annars rekstur grunnskóla, skipulags- og byggingarmál, félagsþjónustu og fleiri lögbundin verkefni. Því er ekki unnt að rökstyðja kaup á fasteignum og jörðum sem ekki eru nauðsynleg til að uppfylla þetta lögbundna hlutverk sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða"

12. 2509039 - Hagasjóður - niðurlagning sjóðsins

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 721: "Stjórnarmenn sem síðast sátu í stjórn Hagasjóðs hafa óskað eftir að sjóðurinn verði lagður niður.

Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að Hagasjóður verði lagður niður og að þeir fjármunir sem eru til staðar í sjóðnum renni til Staðarhraunskirkju, kt. 610269-0529 enda er það í samræmi við tilgang sjóðsins.

Máli vísað til sveitarstjórnar

Samþykkt samhljóða"

13. 2509122 - Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2025

Afgreiðslaf frá fundi byggðarráðs nr. 721: "Framlagt fundarboð á ársfund jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2025.

Fundur Jöfnunarsjóð sveitarfélaga fer fram 1. október nk. kl. 16.00. Er Lilju Björgu Ágústsdóttur, sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslu falið að mæta á fundinn fyrir hönd Borgarbyggðar.

Samþykkt samhljóða"

14. 2509247 - Niðurstöður íbúakosninga um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps og skipun stjórnar til undirbúnings stofnunar sameinaðs sveitarfélags

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 721: "Tillaga um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps var samþykkt í báðum sveitarfélögum í íbúakosningum sem fram fóru dagana 5.-20. september sl.

Í Borgarbyggð voru 3.137 á kjörskrá. Alls greiddu 501 atkvæði eða 16%. Já sögðu 417 eða 83,2% greiddra atkvæða, Nei sögðu 82 eða 16,4%. Tveir seðlar voru auðir. Í Skorradalshreppi var 61 á kjörskrá. Alls greiddu 54 atkvæði eða 88,5%. Já sögðu 32 eða 59,3% en 22 sögðu nei eða 40,7%.

Í ljósi niðurstöðu íbúakosninganna skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir skipa tvo til þrjá fulltrúa hvor í stjórn til undirbúnings að stofnun nýs sveitarfélags skv. 122. gr. sveitarstjórnarlaga. Lagt er til að stjórnin verði skipuð þremur fulltrúum frá hvoru sveitarfélagi og þremur til vara.

Byggðarráð þakkar samstarfsnefnd um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps og sameiginlegri kjörstjórn sveitarfélaganna fyrir vel unnin störf við undirbúning íbúakosninga um sameiningartillögu. Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að samþykkja, að stjórn til undirbúnings að stofnun hins nýja sveitarfélags (hér eftir nefnd undirbúningsstjórn) skv. 122. gr. sveitarstjórnarlaga skuli skipuð þremur fulltrúum frá hvoru sveitarfélagi og að Lilja Björg Ágústsdóttir starfi með undirbúningsstjórn með málfrelsi og tillögurétt á fundum hennar.

Sveitarstjórn skipar Guðveigu Lind Eyglóardóttur, Ragnhildi Evu Jónsdóttur og Stefán Brodda Guðjónsson sveitarstjóra í undirbúningsstjórn skv. 122. gr. sveitarstjórnarlaga fyrir sína hönd og Sigurð Guðmundsson, Davíð Sigurðsson og Bjarneyju L. Bjarnadóttur

til vara. Málinu vísað til sveitarstjórnar

Samþykkt samhljóða"

15. 2401233 - Snjómokstur í dreifbýli- Útboð 2025

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs 722: "Lögð fram drög að þjónustusamningum við verktaka vegna snjómoksturs í dreifbýli.

Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlögð drög að þjónustusamningum við verktaka vegna snjómoksturs í dreifbýli. Sveitarstjóra falið að fullvinna m.t.t. athugasemda sem fram komu á fundi og undirrita með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar. Vísað til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða"

16. 2509271 - Umferðarhraði að Einkunnum

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 722: "Umsjónanefnd fólkvagnsins í Einkunnum ræddi á fundi nr. 91 þann 24. október 2025 um umferðarhraða frá hringveginum að fólkvanginum. Umsjónanefnd fólkvagnsins í Einkunnum leggur til að ökuhraði verði færður niður í 20 km/klst til að auka umferðaröryggi og vísar þeirri ákvörðun til Byggðaráðs.

Byggðarráð tekur undir tillögu umsjónarnefndar fólkvagnsins í Einkunnum og leggur til við sveitarstjórn að umferðarhraði á veginum frá Vindási upp að Einkunnum verði 20 km/klst og felur sveitarstjóra að vinna að því að hrinda tillögunni í framkvæmd. Málinu vísað til sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða"

17. 2102003 - Endurskoðun á reglum um úthlutun lóða

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 722: "Lögð fram tillaga að breytingu á úthlutunarreglum lóða í Borgarbyggð í samræmi við afgreiðslu fundar byggðarráðs nr. 720.

Byggðarráð samþykkir fyrir sitt leyti framlagðar tillögur að breytingu á úthlutunarreglum fyrir lóðir í Borgarbyggð og leggur til við sveitarstjórn að samþykkja. Málinu vísað til sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða

Stefán Broddi Guðjónsson kom til fundarins á ný.

Lilja Björg Ágústsdóttir fór af fundi."

18. 2501129 - Uppbygging í Borgarbyggð - kynningar- og markaðsmál

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 722: "Farið yfir stöðu vinnu við kynningu og markaðssetningu á nýrri íbúðabyggð í Bjargslandi. Kynnt frumútgáfa af markaðssíðu fyrir lóðir. Farið yfir samningsgerð við Borgarverk vegna fyrirkomulags á úthlutun lóðanna.

Byggðarráð felur sveitarstjóra að fullvinna framlagðan viðauka við samning við Borgarverk og leggja fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Mikilvægt er að fyrsta skref hefur verið stigið en ljóst er að talsvert verk er óunnið í að fullgera síðuna áður en hún fer í loftið. Hins vegar getur hún nýst sem töl til að hefja ferli við úthlutun lóða. Sveitarstjóra falið að fullvinna í samstarfi við hönnuð.

Samþykkt samhljóða.

GLE vék af fundi að afloknum þessum dagskrárlið."

19. 2503350 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga 2025

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 722: "Framlögð tillaga sveitarstjóra um áframhald á skammtímalántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Sveitarfélagið hefur lánsloforð hjá sjóðnum að fjárhæð 2,0 ma.kr. Fyrir lok október verði lögð fram tillaga fyrir byggðarráð um nánari útfærslu."

20. 2510057 - Háskólasamfélagið í Borgarbyggð - rannsóknir og nýsköpun á Hvanneyri

Háskólar á Íslandi standa á krossgötum. Í Borgarbyggð starfa tveir öflugir en ólíkir háskólar sem eru leiðandi hvor á sínu sviði.

21. 2509102 - Umsókn um deiliskipulag

Afgreiðsla 79. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna óverulegra breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. og 44. gr. skipulagslaga 123/2010 fyrir eigendum frístundahúsa á Brókarstíg 24, 26, 27, 28 og 30 og leita umsagna lögbundinna umsagnaraðila. Samþykkt samhljóða"

22. 2301040 - Stuttárbotnar - Húsafell 3 L134495 - Deiliskipulag

Afgreiðsla 79. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagt deiliskipulag skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim lagfæringum sem gerðar hafa verið sem breyta þó ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum. Samþykkt samhljóða."

23. 2301075 - Aðalskipulag - Endurskoðun - Vinnslutími

Afgreiðsla 79. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Friðrik Aspelund leggur fram tillögu að eftirfarandi breytingum á almennum skilmálum í kafla 7.16.

Að í 1. mgr. muni standa:

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt,

landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.

Að í 2. mgr. muni standa:

Ný skógræktaráform sem ná til 50 ha eða stærra svæðis eru háð því að svæðið sé afmarkað með reit í þessum

flokki á aðalskipulagsuppdrætti. Svæði undir 50 ha að stærð í dreifbýli eru ekki færð inn á skipulagsuppdráttinn ef þau falla að ákvæðum um skógrækt á landbúnaðarsvæðum.

Að í 4. mgr. skuli standa:

Fyrir ofan 300 m hæð er einungis heimilt að gróðursetja íslenskar plöntur samkvæmt reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Sveitarstjórn getur heimilað notkun

erlendra trjátegunda enda sé ekki um að ræða verndarsvæði, vistgerðir eða náttúrufyrirbæri sem njóta verndar skv. lögum.
Samþykkt samhljóða.

Friðrik Aspelund leggur fram tillögu að eftirfarandi breytingum á almennum skilmálum í kafla 7.10.

Að í 17. mgr. muni standa:

Skógrækt á allt að 50 ha er heimil á landbúnaðarsvæðum. Skógrækt getur falist í hagnýtingu trjágróðurs til landbóta, fegrunar auk landgræðslu. Stærri skógrækt (50 ha og stærri) skal vera á skógræktar- og landgræðslusvæði.

Á landbúnaðarlandi í flokki I er heimilt að vera með skjólbelti en ekki skógrækt. Sama gildir um svæði sem njóta verndar vegna jarðminja, vistkerfa eða menningarminja.

Samþykkt samhljóða.

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja endurskoðað aðalskipulag Borgarbyggðar 2025-2037 skv. 32. gr. skipulagslaga 123/2010 til staðfestingar.

Skipulagsfulltrúa er falið að gera þær breytingar sem samþykktar voru á fundinum áður en aðalskipulagið er lagt fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

24. 2302212 - Galtarholt 3 L135043 - Deiliskipulag

Afgreiðsla 79. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagt deiliskipulag skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim breytingum sem gerðar voru með tilliti til umsagna og athugasemda sem bárust á kynningartíma en breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum en þó með þeim fyrirvara að viðbragðs- og neyðaráætlun fyrir svæðið verði gerð og send sveitarfélaginu og slökkviliði Borgarbyggðar.

Skipulags- og byggingarnefnd felur skipulagsfulltrúa að svara framkomnum athugasemdum.

Samþykkt samhljóða."

Fundargerð

25. 2509011F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 720

- 25.1 2508246 - Vatnsveita Hraunhrepps - Endurnýjun vatnstanka
- 25.2 2311314 - Styrkbeiðni frá Kvænnaathvarfi
- 25.3 2509106 - Veitumál á Varmalandi
- 25.4 2507195 - Erindi frá körfuknattleiksdeild Skallagríms vegna Þorsteinsgötu 5
- 25.5 2509061 - Vallarás 14D og 14E - Umsókn um lóð
- 25.6 2509062 - Vallarás 14 - Umsókn um lóð
- 25.7 2509068 - Beiðni um fjárstuðning við starfsemi Stígamóta 2026
- 25.8 2509070 - Haustþing SSV 2025
- 25.9 2405268 - Tillögur að breytingu á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits
- 25.10 2102003 - Endurskoðun á reglum um úthlutun lóða
- 25.11 2203079 - Bjargsland og Kveldúlfshöfði - Gatnagerð og kostnaður
- 25.12 2401233 - Snjómokstur í dreifbýli- Útboð 2025
- 25.13 2502060 - Styrkvegaumsóknir 2025

25.14 2509104 - Þjónustukönnun sveitarfélaga 2025

26. 2509025F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 721

- 26.1 2502016 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2025
- 26.2 2509209 - Staða framkvæmda í Borgarbyggð
- 26.3 2311308 - Lýsing á leið milli hesthúsahverfis og Einkunna
- 26.4 2503353 - Göngustígar - Verðfyrirspurn
- 26.5 2409047 - Brákarbraut 25, gamla sláturhúsið - áætlun um niðurrif
- 26.6 2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnsreykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnæði
- 26.7 2509218 - Tilboð um kaup - Álftanes á Mýrum
- 26.8 2509213 - Starfsmannamál slökkviliðs
- 26.9 2509126 - Tilkynning um kæru nr. 127/2025, Ógilding ákvörðunar byggingarfulltrúa v uppsetningar rannsóknarmasturs Grjóthálsi
- 26.10 2509039 - Hagasjóður - niðurlagning sjóðsins
- 26.11 2509240 - Breyttur fundatími byggðarráðs
- 26.12 2509122 - Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2025
- 2509247 - Niðurstöður íbúakosninga um sameiningu Borgarbyggðar og
- 26.13 Skorradalshrepps og skipun stjórnar til undirbúnings stofnunar sameinaðs sveitarfélags
- 26.14 2503097 - Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Vesturlands 2025
- 26.15 2502009 - Hafnasamband Íslands - fundargerðir 2025
- 26.16 2501012 - Samband ísl. sveitarfélaga - fundargerðir 2025

27. 2509031F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 722

- 27.1 2509293 - 6 mánaða milliuppgjör 2025
- 27.2 2401233 - Snjómokstur í dreifbýli- Útboð 2025
- 27.3 2509306 - Rennibrautir í sundlaug
- 27.4 2509271 - Umferðarhraði að Einkunnum
- 27.5 2502016 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2025
- 27.6 2102003 - Endurskoðun á reglum um úthlutun lóða
- 27.7 2501129 - Uppbygging í Borgarbyggð - kynningar- og markaðsmál
- 27.8 2409047 - Brákarbraut 25, gamla sláturhúsið - áætlun um niðurrif
- 27.9 2503350 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga 2025
- 27.10 2503085 - Umsagnarmál frá Alþingi 2025

28. 2509032F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 79

- 28.1 2509244 - Breyttur fundartími skipulags- og byggingarnefndar
- 28.2 2301040 - Stuttárbotnar - Húsafell 3 L134495 - Deiliskipulag
- 28.3 2509102 - Umsókn um deiliskipulag
- 28.4 2509129 - Fyrirspurn um skipulagsmál

- 28.5 2302212 - Galtarholt 3 L135043 - Deiliskipulag
- 28.6 2505064 - Fjárhagsáætlun 2026
- 28.7 2301075 - Aðalskipulag - Endurskoðun - Vinnslutími
- 28.8 2509008F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 62
- 28.9 2509019F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 63
- 28.10 2509016F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 250
- 28.11 2509027F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 251

29. 2509022F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 81

- 29.1 2508258 - Umhverfisviðurkenningar 2025
- 29.2 2503209 - Hreinsunaráttök 2025
- 29.3 2505233 - Söfnun rúlluplasts 2025

07.10.2025

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála - og stjórnsýslu.